

## **Sveitarfélagið Ölfus auglýsir tillögu að deiliskipulagi á spildu úr jörðinni Ósgerði, Ölfusi.**

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að deiliskipulagi á 5 ha spildu úr jörðinni Ósgerði. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Ölfuss, 2010-2022 um uppbyggingu á landbúnaðarjörðum.

Spildan sem tekin er til skipulags er 5 ha og liggur við Arnarbælisveg nr. 375. Flóðahætta er skilgreind í aðalskipulagi og sýnd flóðaför frá 1983 samkvæmt gögnum frá Veðurstofunni. Byggingarreitir íbúðahúsa liggja hærra í landinu, utan við svæðið sem skilgreint er að flóð geti náð til. Á lóðinni eru 4 byggingarreitir. B1 er fyrir íbúðahús allt að 200 m<sup>2</sup>. B2 er fyrir íbúðahús allt að 150 m<sup>2</sup>. B3 er fyrir gestahús allt að 80 m<sup>2</sup>. B4 er fyrir útihús, skemmu með byggingarreit sem er 60x40 m og heimilt að byggja 700 m<sup>2</sup> byggingu með 6,15 m mænishæð. Byggingarreitur B4 er að hluta innan svæðis sem skilgreint er að flóð nái til. Byggingin verður sett á púða þannig að hún verður yfir flóðamörkum. Malarpúðinn undir byggingunni verður með grjótvörn til að verja hann fyrir e.t.v. flóði sem gæti náð inn á svæðið. Heimildir um fornminjar á jörðinni liggja utan við fyrirhugaða byggingarreiti.

Deiliskipulagstillagan liggur frammi til kynningar í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn á skrifstofutíma frá 9-12 og 13-16. Tillagan verður einnig á heimasíðu Ölfuss. Tillagan er til kynningar frá 15. apríl 2016 til 27. maí 2016. Ábendingar og athugasemdir skulu vera skriflegar og hafa borist fyrir 27. maí 2016 til Sveitarfélagsins Ölfuss, b.t. skipulags- og byggingarfulltrúa, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.